



Bólusetningar við COVID-19 á Íslandi

Þann 29. desember hófust langþráðar bólusetningar við COVID-19 hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa nú þegar undirritað samninga við fimm bóluefnaframleiðendur í tengslum við sameiginlega [samninga Evrópusambandsins](#) sem Ísland er aðili að. Afhending þriggja bóluefna er hafin en fremur fáir skammtar af hverju þeirra hafa borist enn sem komið er. Á næstu vikum er von á stærri sendingum og fer þá bólusetning að ganga heldur hraðar. Áfram verður hverjum skammti ráðstafað fyrirfram til að klára fyrstu hópana í röðinni sem skilgreind var í reglugerð um COVID-19 bólusetningar og vinna að áframhaldandi bólusetningu eldri einstaklinga sem hættast er við alvarlegri sýkingu. Önnur bóluefni sem samningar hafa verið gerðir um eru ekki væntanleg fyrir en síðar á árinu en þá er vonast til að hægt verði að bjóða öllum bólusetningu sem eru eldri en 16 ára.

Flensulíkar aukaverkanir svo sem hiti/hrollur, höfuðverkur, vöðvaverkir, slappleiki og/eða mikil þreyta eru mjög algengar eftir bólusetningu gegn COVID-19. Mismunandi er þó eftir bóluefnum hvort aukaverkanir eru meira áberandi eftir fyrri eða seinni skammt. mRNA bóluefnin virðast



Mynd 1. Fyrsta bólusetningin gegn COVID-19 á Íslandi

Ljósmynd: Sigurður Ó. Sigurðsson

valda meiri flensueinkennum eftir seinni skammt en margir eru þá óvinnufærir í einn til tvo sólarhringa. Samkvæmt birtum rannsóknum er þessu öfugt farið með bóluefnið frá Astra Zeneca en aukaverkanir í tengslum við það efni hafa verið meira áberandi eftir fyrri skammtinn. Stór hluti þeirra starfsmanna hjúkrunarheimila sem fyrstir fengu bóluefni Astra Zeneca hér á landi var óvinnufær í einn eða tvo daga og

sumir í þrjá daga. Tíðni aukaverkana mun hafa áhrif á skipulag bólusetninga framvegis og rétt að fólk hugi að þessu þegar það skipuleggur fyrstu dagana eftir bólusetningu.

Hægt er að fylgjast með framgangi bólusetninganna hér á landi og fá nánari upplýsingar um aukaverkanir á ýmsum tungumálum á [covid.is](#).

Efni:	bls.
Bólusetningar við COVID-19 á Íslandi	1
Niðursveifla þriðju bylgju COVID-19 á Íslandi	2
Aðgerðir á landamærum	3
Samanburður við nágrennalönd	3
Staðan í febrúar 2021	3
Ný afbrigði SARS-CoV-2 veirunnar	4
Árleg influensa	4

Ritstjórn
Þórolfur Guðnason,
sóttvarnalæknir, ábm.
Agnes Gísladóttir
Anna Margrét Halldórsdóttir
Ása St. Atladóttir
Guðrún Aspelund
Hildigunnur Anna Hall
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla S. Jósefsdóttir

Ritstjóri
Maríanna Þórðardóttir

**Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir**

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is


Niðursveifla þriðju bylgju COVID-19 á Íslandi

Þann 31. október 2020 tóku gildi hertar sóttvarnarráðstafanir um allt land vegna aukinnar útbreiðslu COVID-19 á Íslandi. Samkomutakmarkanir voru þá miðaðar við hámark tíu manns, íþróttastarf féll niður og sviðslistir voru óheimilar. Fljótlega í kjölfarið fór daglegur fjöldi COVID-19 smita að lækka eftir að hafa verið í mikilli uppsveiflu frá

því um miðjan september. Þann 14. nóvember greindust þrjú tilfelli innanlands og höfðu þá ekki greinst jafn fá tilfelli í tvo mánuði. Síðan þá hefur fjöldi daglegra tilfella mest farið í 23 en fyrsti smitlaus dagurinn í þessari bylgju var 15. janúar 2021, að frátöldum 1. janúar þegar sýnatökustaðir voru lokaðir. Mynd 2 sýnir fjölda daglegra smita innanlands

frá 1. september en fjöldi hvers dags er reiknaður sem meðaltal síðustu fimm daga til að draga úr dagsveiflum. Tímasetningar helstu opinberra sóttvarnarráðstafana eru merktar inn á myndina. Nánari upplýsingar um viðbrögð á Íslandi við COVID-19 faraldrinum má finna á [covid.is](https://www.covid.is).

Fjöldi með COVID-19 greiningu á Íslandi



Mynd 2

Heimild: Embætti landlæknis


Aðgerðir á landamærum

Nýgengi virkra COVID-19 smita á landamærum jókst í desember en það endurspegladi stöðu faraldursins erlendis. Sýnilegt var að einstaklingar voru meira á faraldsfæti í aðdraganda jólanna og greindist metfjöldi smita á landamærum dagana fyrir jól og í byrjun janúar. Í desember greindust samtals 119 einstaklingar með virkt smit á landamærum og í janúar voru þeir 154. Í lok janúar höfðu í heildina yfir 1.000 einstaklingar greinst á landamærum frá því skimun á landamærum hófst þann 15. júní 2020. Af þessum ríflega 1.000 einstaklingum voru 577 einstaklingar með virkt smit, en það eru þeir einstaklingar sem eru jákvæðir á PCR-prófi og ekki með mótefni. Um það bil þriðjungur einstaklinga sem voru með virkt smit voru neikvæðir í fyrri skimun en jákvæðir í seinni skimun sem fer fram fimm dögum eftir komuna til landsins. Ákvörðun um tvær sýnatökur komst til framkvæmda um miðjan ágústmánuð 2020. Má því álykta að aðgerðir á landamærum undanfarna mánuði hafi komið í veg fyrir að faraldurinn varð ekki verri.

Samanburður við nágrennalönd


Sveiflurnar í faraldrinum hér á landi hafa ekki fyllilega fylgt tíðni í nágrennalöndunum. Áherslur í sóttvörnum hafa verið mismunandi á köflum og hefur árangur Norðurlandanna verið misjafn í baráttunni við faraldurinn. Mynd 3 sýnir 14 daga nýgengi smita á Norðurlöndunum frá upphafi COVID-19 faraldursins. Í janúar 2021 hafa flest lönd í Evrópu séð aukningu í smittíðni, Portúgal langmest, á sama tíma og Ísland náði smám saman smittíðni í samfélaginu niður að núlli. Ísland var eina landið á korti Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) sem fékk grænan lit, en sá litur táknar að 14 daga nýgengi smita sé undir 25 á 100.000 íbúa og að hlutfall jákvæðra sýna sé undir 4%.

Nýgengi COVID-19 smita á Norðurlöndunum




Mynd 3

Heimild: Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) og embætti landlæknis



Mynd 4



Mynd: Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC)

Staðan í febrúar 2021

Þann 9. febrúar voru 28 einstaklingar í einangrun, þar af átta einstaklingar sem smituðust innanlands. Tuttugu einstaklingar voru í sóttkví vegna tengsla við smitaðan einstakling og 896 voru í sóttkví vegna komu til landsins. Þrettán voru á sjúkrahúsi vegna COVID-19, þar af einn með virkt smit. Frá upphafi faraldurs til febrúarbyrjunar 2021 höfðu 6025 ein-


staklingar greinst með COVID-19 á Íslandi, 326 höfðu lagst inn á sjúkrahús, þar af 53 á gjörgæslu. Alls höfðu 29 einstaklingar látist af völdum COVID-19 á Íslandi, þar af 19 í þriðju bylgju. Yfir 46 þúsund einstaklingar höfðu þurft að fara í sóttkví að minnsta kosti einu sinni. Þá höfðu rúmlega 269 þúsund sýni verið tekin innanlands og um það bil 217 þúsund vegna skimunar á landamærum.

Ný afbrigði SARS-CoV-2 veirunnar

Um miðjan desember lýsti heilbrigðisráðherra Bretlands því yfir að nýtt afbrigði COVID-19 veirunnar hefði fundist þar í landi og virtist það smitast meira en önnur algengari afbrigði. Hér á Íslandi hefur þetta afbrigði í daglegu tali kallast „breska afbrigðið“. Óvissa skapadist um hvort þau bóluefni sem voru á leið á markað myndu veita vörn gegn þessu nýja afbrigði en rannsóknir hafa sýnt að vörnin er trúlega heldur minni en gegn fyrri afbrigðum og mögulega mismunandi eftir bóluefnum. Hér á landi hefur þetta afbrigði verið greint hjá 55 einstaklingum í lok janúar, langflestir greindust við skimun á landamærum en örfáir innanlands og tengdust þeir einstaklingar allir aðilum sem greindust á landamærum. Önnur meira smitandi afbrigði veirunnar sem tengd hafa verið við Suður-Afríku og Brasilíu hafa einnig komið fram en þau hafa ekki greinst hér á landi.

Árleg influensa

Hin árlega influensa lætur yfirleitt á sér kræla í byrjun vetrar. Algengt er að fyrstu tilfelli greinist í október eða nóvember. Hún fer yfirleitt rólega af



Mynd 5

Heimild: Embætti landlæknis

stað með stöku tilfellum en tekur svo stökk öðru hvoru megin við áramót. Toppnum er svo vanalega náð í seinni hluta febrúar eða mars og fækkar tilfellum hratt eftir það. Mynd 5 sýnir meðalfjölda greindra influensutilfella undanfarin fimm influensutímabil, en hvert influensutímabil hefst að hausti og lýkur að vori árið eftir. Á núverandi tímabili hefur ekkert tilfelli influensu verið greint hér á landi. Ætla má að ferðatakmarkanir og sóttvarnaráðstafanir á landamærum vegna COVID-19 skýri það að influensan hafi ekki borist inn í samfélagið hér. Einnig ber að hafa í huga að í vetur hafa fleiri verið

bólusettir gegn árlegri influensu en nokkru sinni fyrr eða um [75.000 einstaklingar](#). Sömu sögu er að segja af tíðni annarra öndunarfærasjúkdóma, en vísbendingar um lægri tíðni miðað við undanfarin ári mátti sjá strax á vormánuðum 2020. Hélt þessi lága tíðni áfram inn í veturinn 2020–2021. Nánar var gert grein fyrir þessu í [Talnabrunni](#) embættis landlæknis sem kom út í janúar á þessu ári.